



ÁRSSKÝRSLA
2013

fjs FJÁRSÝSLA
RÍKISINS



ÁRSSKÝRSLA
2013

FJÁRSÝSLA RÍKISINS

Maí 2014

Ljósmyndir í ársskýrslunni eru úr ljósmyndasafni, forsíðumynd er af Lóndröngum.
©Gyða Henningsdóttir (<http://photos.gyda.is#!/index>)
©Einar Guðmann (<http://photos.gudmann.is#!/index>)

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Formáli fjársýslustjóra	6
Um Fjársýslu ríkisins	8
Hlutverk og stefna	8
Markmið og áherslur	9
Starfsemin á árinu	10
Starfsemin	10
Fjármál	14
Starfsmenn og þróun	16
Kennitölur	18
Ársreikningur 2013	22
Rekstrarreikningur	24
Efnahagsreikningur	25
Sjóðstreymi	26
Staða viðfangsefna	27

Ársskýrslan er eingöngu gefin út í rafrænu formi.
Hönnun og umbrot: Fjársýsla ríkisins, maí 2014.
Letur er Calibri.

FORMÁLI FJÁRSÝSLUSTJÓRA

Árið 2013 var umfang starfseminnar svipað og árið á undan. Framlög til stofnunarinnar voru skert um 1,75%, er það fimmta árið í röð, en uppsafnaðar árlegar skerðingar á framlögum nema 17,6% frá árinu 2008. Á þessu tímabili hefur verið lögð áhersla á ráðdeild og útsjónarsemi í starfseminni til þess að ná settu markmiði að halda sig innan fjárhagsrammans án þess að það bitnaði um of á þjónustustiginu.

Starfsemi Fjársýslunnar helgast af áherslu á nákvæmni, tímanleika og öryggi, en verkefni fela jafnframt í sér að dagsetningar leika þar æði stórt hlutverk. Nægir þar að nefna mikilvægi þess að sjá til að laun ríkisstarfsmanna, barnabætur, vaxtabætur, reikningar ríkisstofnana og ríkissjóðs séu alltaf greiddir á tilsettum tíma. Jafnframt þarf að tryggja hraða birtingu upplýsinga um fjárhagsstöðu einstakra ríkisaðila og ríkissjóðs bæði innan ársins og ríkisreikningur viðkomandi árs. Ríkisreikningur fyrir árið 2012 lá fyrir í júnílok 2013.

Sem fyrr var áframhaldandi þróun á upplýsingakerfum fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir fyrirferðamikil verkefni hjá stofnuninni. Má þar nefna framhald vinnu við skipulagningu og undirbúning rafrænna reikninga. Hér er um viðamikil verkefni að ræða en efnahags- og fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að frá ársbyrjun 2015 tekur ríkissjóður aðeins við reikningum á rafrænu formi. Þá var gert átak í að efla námskeiðahald og gerð fræðsluefnis í hinum ýmsu fjárhagskerfum sem stofnunin annast rekstur á fyrir ríkissjóð.

Í nóvember sl. opnaði Fjársýslan nýjan vef en undirbúningur að gerð hans hófst í janúarmánuði. Lögð var töluverð vinna í þetta verkefni enda mikið í húfi að vanda vel til þess. Hugsmiðjan ehf. var fengin til að hanna og þróa framsetningu hinnar nýju vefsíðu. Ekki verður annað sagt en að hinn nýi vefur hafi fengið góðar viðtökur en nýlega hlaut hann viðurkenningu Samtaka vefiðnaðarins (SVEF) sem aðgengi-legasti vefur ársins 2013 hér á landi.

Í heild skilaði stofnunin 30 millj. kr. afgangi á árinu 2013. Niðurstaðan var að almennur rekstur var jákvæður um 19 millj. kr., rekstur upplýsingakerfanna skilaði 9 millj. kr. afgangi og hugbúnaðargerð 2 millj. kr. Almenn rekstrargjöld stofnunarinnar námu 664 millj. kr., rekstur upplýsingakerfa 807 millj. kr. og stofnkostnaður 20 millj. kr. Gjöld umfram sértekjur námu 1.491 millj. kr. en fjárveiting ársins nam 1.521 millj. kr. Afkoma stofnunarinnar var 2,0% innan fjárheimilda ársins.

Gætt var mikils aðhalds í rekstrargjöldum og starfsmannahaldi hjá stofnuninni. Starfsmannafjöldi í árslok var 71. Starfsmannavelta ársins var 1,4% samanborið við 7,2% árið á undan.

Gunnar H. Hall
fjársýslustjóri



FJS er sérstök stonun sem heyrir undir fjármálaráðherra og starfar samkvæmt lögum nr 88/1997 um fjárreiður ríkisins með síðari breytingum

Hlutverk stofnunarinnar er að samræma reikningsskil ríkisaðila og tryggja tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins

Stofnuninni ber að stuðla að öruggri og skilvirkri greiðslumiðlun fyrir ríkissjóð

UM FJÁRSÝSLU RÍKISINS

Hlutverk og stefna

FJS starfar samkvæmt lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins með síðari breytingum. FJS er sérstök stofnun sem heyrir undir fjármálaráðherra. Fjársýslustjóri veitir henni forstöðu og er skipaður af fjármálaráðherra til fimm ára í senn.

Hlutverk

Hlutverk stofnunarinnar er að samræma reikningsskil ríkisaðila og tryggja tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins. Jafnframt ber stofnuninni að stuðla að öruggri og skilvirkri greiðslumiðlun fyrir ríkissjóð.

Gildi

FJS hefur sameiginleg gildi að leiðarljósi sem eiga að tryggja samræmi í daglegu starfi hennar.

- Uppfylla þarfir hagsmunaaðila, þ. e. viðskiptavina, samstarfsaðila, starfsmanna og samfélagsins í heild.
- Vinna að því að efla traust og áreiðanleika við meðferð fjármuna og færslu bókhalds.
- Vera fyrirmynd annarra fyrirtækja og stofnana með áherslu á frumkvæði, nýsköpun, hæfni og starfsánægju.

Framtíðarsýn

- FJS kappkosti að veita viðskiptavinum sínum hraða og örugga þjónustu.
- Stofnunin verði góð fyrirmynd á sínu sviði hvað varðar fagmennsku í starfi.
- Vera leiðandi fyrir ríkið á sviði bókhalds- og áætlanagerðar og hafa frumkvæði við að innleiða hagnýtar nýjungar í tækni og vinnubrögðum.
- Upplýsingakerfi ríkissjóðs verði öflug, hagkvæm í rekstri og svari kröfum notenda.

Verkefni

1. Gerð og framsetning uppgjöra fyrir ríkissjóð, ásamt útgáfu ríkisreiknings.
2. Móttaka innheimtufjár og annast greiðslur fyrir ríkissjóð.
3. Samræming og gerð verklagsreglna fyrir bókhald og reikningsskil ríkisins.
4. Rekstur upplýsingakerfa, þróun og ráðgjöf er tengist notkun þeirra.
5. Ráðgjöf og kennsla fyrir ríkisaðila um bókhald, reikningsskil, innheimtu og launaafgreiðslu. Einnig ráðgjöf um nýtingu fjárhagsupplýsinga við fjármálastjórn.
6. Eftirfylgni með því að bókhald stofnana sé uppfært reglulega og um tilhögun innra eftirlits.
7. Færsla fjárhags- og launabókhalds og annast greiðslur fyrir ríkisstofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir.
8. Umsjón með innheimtugagnavinnslum ríkissjóðs.

Markmið og áherslur

Almennar áherslur

Lögð er áhersla á að FJS veiti hagkvæma og góða þjónustu. Hún er þjónustustofnun og því mikilvægt að viðskiptavinir séu ánægðir. Það verður aðeins tryggt með góðri þjónustulund hjá starfsfólki, traustri sérfræðikunnáttu og hagnýtum upplýsingakerfum sem eru örugg í rekstri. Jafnframt er áriðandi að upplýsingakerfin séu öflug og skilvirk þannig að þau svari kröfum notenda hverju sinni.

Mikilvægt er að efla samstarf við viðskiptavini og samstarfsaðila. Þróun hugbúnaðar skiptir miklu máli í bókhaldi og því mikilvægt að vel sé staðið að því í samstarfi við hlutaðeigandi aðila.

FJS leggur áherslu á áframhaldandi þróun og rekstur á fjárhags- og mannauðskerfi Oracle hjá ríkissjóði, ráðuneytum og stofnunum. Hér er um viðamikil verkefni að ræða, sem þarf að fylgja eftir með frekari þróun, öflugri fræðslustarfsemi og verklagsreglum fyrir notendur kerfisins. Að öðrum kosti næst aldrei sú hagræðing sem að var stefnt með fjárfestingunni.

Stjórnunaráherslur

Sérstaða FJS felst í ákveðinni sérfræðiþekkingu á bókhaldi og upplýsingakerfum hjá ríkissjóði og ríkisstofnunum. Verkefni eru bæði víðtæk og sérhæfð. Lykilatriði er að stofnunin hafi á að skipa hæfu starfsfólki sem býr yfir víðtækri þekkingu á því sviði sem stofnunin starfar á. FJS hefur lagt fram áherslur í starfsmannastjórnun innan stofnunarinnar með það fyrir augum að auðvelda vinnuna og samræma áherslur. Þessar áherslur miða að því að veita stjórnendum yfirsýn yfir mannauð stofnunarinnar og að bæta upplýsingaflæði innan hennar.

Mannauður

Starfsemi FJS einkennist af mikilli sérhæfingu, verkaskiptingu og samræmingarstarfi á upplýsingum og gögnum sem unnið er með. Í því felast ákveðin þekkingarverðmæti og mikilvæg tengsl við samstarfsaðila og viðskiptavini. Áriðandi er að starfsmenn eigi kost á fræðslu í ljósi krafna um sérhæfingu, góða þjónustu og notkun á nýrri tækni. Stofnunin gerir jafnframt kröfur til starfsfólks um öguð vinnubrögð og að það ljúki sínum verkum tímanlega, t.d. í tengslum við launaútborganir, greiðslur styrkja og bóta, greiðslur reikninga, færslu bókhalds o.s.frv. Almenn er starfsfólkið meðvitað um mikilvægi, nákvæmni og tímanleika fyrir verkefni stofnunarinnar og leggur metnað í að leysa störf sín vel af hendi. Lögð er áhersla á að gefa starfsmönnum kost á að sækja nauðsynlega fræðslu og endurmenntun til að styrkja þekkingu þeirra og hæfni í starfi.

Lögð er áhersla á að FJS veiti hagkvæma og góða þjónustu

FJS leggur áherslu á áframhaldandi þróun og rekstur á fjárhags- og mannauðskerfi Oracle hjá ríkissjóði, ráðuneytum og stofnunum

Sérstaða FJS felst í ákveðinni sérfræðiþekkingu á bókhaldi og upplýsingakerfum hjá ríkissjóði og ríkisstofnunum



Fimmta árið í röð voru fjárveitingar til rekstrargjalda lækkaðar hjá stofnuninni eða um 1,75% á árinu 2013



Töluvert hagræði er að því að stofnanir í greiðsluþjónustu geti nýtt sér sameiginlegt reikningakerfi (AR). Það skilar samræmdri bókun og færslur útgefna reikninga skila sér jafnóðum inn í bókhald viðkomandi stofnana með rafrænum hætti.

Viðskipti með rafræna reikninga aukast jafnt og þétt. Unnið var að því að innleiða ferli rafrænna reikninga hjá ráðuneytum og stofnunum í greiðsluþjónustu hjá FJS

Mikil vinna hefur verið lögð í að aðstoða ráðuneyti og stofnanir við að hefja skráningu í eignakerfið og eru flest þeirra langt komin eða búin að ljúka skráningu

STARFSEMIN Á ÁRINU

Starfsemi Fjársýslunnar var í aðalatriðum með hefðbundnu sniði á árinu 2013. Ríkisreikningur fyrir árið 2012 kom út í júnílok 2013. Fimmta árið í röð voru fjárveitingar til rekstrargjalda lækkaðar hjá stofnuninni eða um 1,75% á árinu 2013. Sem fyrr var lögð áhesla á að gæta aðhalds í rekstri án þess að það bitnaði um of á þjónustugæðum og starfsánægju. Góður árangur náðist í fjármálum stofnunarinnar sem má helst rekja til hagræðingar og aðhalds í gjöldum innan stofnunarinnar og hagstæðari rekstrarsamninga við Advania vegna upplýsingakerfanna. Afkoman í heild var jákvæð um 30 m. kr.

Veigamikill þáttur í starfsemi FJS er að annast þróun og rekstur fjárhagskerfa fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir, þ.e. Orra, TBR og lánakerfi ríkisins. Að þeim verkefnum koma öll svið stofnunarinnar með einum eða öðrum hætti. Hér á eftir verður fjallað um upplýsingakerfin og aðra mikilvæga þætti í starfsemi stofnunarinnar á árinu 2013.

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins (Orri)

Áfram var unnið að þróun á Orra í samvinnu við stærstu notendur. Í aðalatriðum gekk rekstur kerfisins vel á árinu 2013 en helstu verkefni í tengslum við það voru eftirfarandi:

- Viðskiptakröfur (AR). Á seinni hluta ársins 2012 var tekið í notkun sameiginlegt reikningakerfi í Orra (Viðskiptakröfur AR) fyrir stofnanir í greiðsluþjónustu FJS. Töluvert hagræði er að því að stofnanir í greiðsluþjónustu geti nýtt sér sameiginlegt AR-kerfi. Þetta ferli skilar samræmdri bókun og færslur útgefna reikninga skila sér jafnóðum inn í bókhald viðkomandi stofnana með rafrænum hætti. Unnið er að því að AR geti sent út rafræna reikninga til þeirra sem taka á móti rafrænum reikningum í stað þess að skrifa þá út á pappírformi. Landspítalinn er nú þegar byrjaður að nota rafræna reikninga í reikningaútskrift. Tekinn var upp nýr kerfishluti í innheimtuhlutunum með uppsetningu innheimtubrúts og vaxtareiknings.
- Viðskiptaskuldir (AP). Viðskipti með rafræna reikninga aukast jafnt og þétt. Unnið var að því að innleiða ferli rafrænna reikninga hjá ráðuneytum og stofnunum í greiðsluþjónustu hjá FJS. Birgjum sem senda rafræna reikninga fjölgar stöðugt.
- Mikil vinna hefur verið lögð í að aðstoða ráðuneyti og stofnanir við að hefja skráningu í eignakerfið og eru flest þeirra langt komin eða búin að ljúka skráningu. Tíðar breytingar á uppbyggingu og staðsetningu ráðuneyta og stofnana á síðustu árum hafa tafið verkið verulega og gert það til muna flóknara en ella.
- Tekin var í notkun ný útgáfa af ferðauppgjörskerfinu þar sem ráðuneyti og stofnanir geta annast uppgjör á ferðum sem farnar eru til útlanda í samræmi við reglur þar um.
- Í mannauðskerfinu var unnið að því að ná inn upplýsingum um starfssögu starfsmanna ríkisins og bætt við eldri gögnum til að hægt sé að gefa út starfsaldursvottorð. Útreikningur vegna lífeyrissjóða var endurhannaður sem og skjámyndir vegna sérei-

gnasjóða. Skil til RSK voru að fullu færð yfir í XLS staðal. Komið var upp svokölluðu notendalagi fyrir fyrirsurnir í ráðningakerfi og unnið að birtingu starfslýsinga.

- Tæknilegt undirlag kerfisins var allt endurnýjað og að auki allur vél- og netbúnaður. Kerfið keyrir nú á vélbúnaði sem er sérstaklega hannaður til að tryggja hámarksöryggi og góðan svartíma. Með þessum breytingum hafa þróunar-, prófunar- og rekstrarumhverfi Orra verið sameinuð undir einu rekstrarumhverfi.
- Bætt var inn fjölmörgum öryggis- og viðhaldspökkum til að tryggja að kerfið uppfylli ytrustu kröfur frá Oracle.

Tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR)

Á árinu voru 24 útgáfur af kerfum TBR settar í rekstur með ýmist stærri eða minni háttar breytingum á einstökum kerfishlutum. Þessar breytingar miða einkum að því að auðvelda notendum vinnu í kerfinu og samskipti við gjaldendur. Í grófum dráttum er helst að nefna eftirfarandi:

- Tekin var upp samvinna við Þjóðskrá sem miðlar upplýsingum frá TBR gegnum island.is til einstaklinga og lögaðila. Samningur var gerður við Þjóðskrá sem sér um island.is og sett upp vefþjónuta til samskipta á milli TBR og island.is. Með því að skrá sig inn á island.is geta einstaklingar og fyrirtæki fengið upplýsingar um stöðu sína gagnvart ríkissjóði á fyrirsurnardeggi, sundurliðað eftir gjaldflokki og ári.
- Gera þurfti ýmsar viðbætur í kerfinu vegna laga um greiðsluáðlögun einstaklinga og uppgjörssamninga. Í því fólust breytingar á greiðsluskiptingu og viðbætur vegna skráningar uppgjörs og vaxtaútreiknings.
- Gerð var úttekt á kerfisþjónustum í TBR og útbúnað skýrslur sem gefa heildarsýn á vefþjónustur í TBR t.d. fjölda, viðskiptavini, samskipti, aðgangsmál og öryggi og rekstrarumhverfi á hverri vefþjónustu fyrir sig.
- Unnið var markvisst að því að auka vinnsluhraðann í kerfinu með því að fjarlægja reglulega úr því upplýsingar sem ekki er lengur not fyrir. Villuprófun var aukin og bætt í öllum kerfishlutum. Fjárhæðasvæði og gagnagrunnssvæði voru yfirfarin í skjámyndum kerfisins og þau stækkuð. Þá var eftirlit bætt til muna m.t.t. þess hvaða skráðir notendur eru að ræsa kerfið og hvaða útgáfur þeir eru að nota.

Lánakerfi ríkisins (Libra Loan)

Libra kerfið var innleitt hjá ríkissjóði á árinu 2007 til að halda utan um lánamál ríkisins, þ.e. veitt og tekin lán ríkissjóðs. Kerfið er undirbók í aðalbókhaldi ríkisins og flæða upplýsingar þaðan vélrænt inn í fjárhagskerfi ríkisins, Orra. FJS sér um bókhald og reikningsskil allra tekinnna og veittra lána ríkissjóðs sem og skuldaviðurkenningar. Seðlabankinn skráir öll tekin lán sem hann annast fyrir ríkissjóð inn í lánakerfið. FJS skráir öll veitt lán í kerfið og varðveitir öll lánsskjöl sem

Tæknilegt undirlag kerfisins var allt endurnýjað og að auki allur vél- og netbúnaður. Með breytingunum hafa þróunar-, prófunar- og rekstrarumhverfi Orra verið sameinuð undir einu rekstrarumhverfi

Settar voru inn 24 nýjar útgáfur af TBR á árinu, ýmist stórar eða minni háttar breytingar á einstökum kerfishlutum

Með því að skrá sig inn á island.is geta einstaklingar og fyrirtæki fengið upplýsingar um stöðu sína gagnvart ríkissjóði á fyrirsurnardeggi, sundurliðað eftir gjaldflokki og ári

Unnið var markvisst að því að auka vinnsluhraðann í kerfinu með því að fjarlægja reglulega úr því upplýsingar sem ekki er lengur not fyrir

FJS sér um bókhald og reikningsskil allra tekinnna og veittra lána ríkissjóðs sem og skuldaviðurkenningar.

Námskeiðahald og gerð fræðsluefnis vegna upplýsingakerfa FJS var eftir verulega á árinu 2013 og á nýrri vefsíðu FJS er boðið upp á skráningu á þau námskeið sem stofnunin býður upp á

Haldið var áfram með ritun kerfishandbóka fyrir TBR, gjaldflokkaþýsingar og leiðbeiningar fyrir ýmsa vinnuferla

Viðskipti með rafrænum reikningum aukast stöðugt og er markvisst unnið að því að öll ráðuneyti og stofnanir í greiðsluþjónustu FJS fari inn í ferli rafrænna reikninga

þeim tengjast. Í árslok 2013 voru 337 tekin lán skráð í kerfið og 605 veitt lán.

Námskeið og gerð fræðsluefnis

Námskeiðahald og gerð fræðsluefnis vegna upplýsingakerfa FJS var eftir verulega á árinu 2013. Boðið var upp á námskeið í fjölmörgum kerfishlutum Orra og TBR.

FJS innleiddi fræðslukerfi Orra í lok árs 2012 og hóf að skrá í kerfið þau námskeið sem FJS skipuleggur og stendur fyrir. Þeir aðilar sem sækja námskeið hjá FJS munu í framtíðinni hafa upplýsingar um öll námskeið, sem þeir hafa sótt, aðgengileg í gegnum sjálfsafgreiðsluhluta Orra. Allt kennsluefni er einnig aðgengilegt á nýrri vefsíðu FJS en þar er einnig boðið upp á skráningu á þau námskeið sem stofnunin býður upp á. Hafin var vinna við gerð fræðsluefnis í fjárhagskerfum Orra. Svokölluð grunnbók hefur verið samin fyrir launakerfið og er nú unnið að því að skrifa ferla sem ná frá ráðningu til starfsloka. Jafnframt er unnið að kennsluefni fyrir aðra kerfishluta Orra. Við gerð námsefnisins er lögð áhersla á að lýsa þeim vinnubrögðum sem nauðsynleg eru m.v. gildandi lög og reglur sem og aðra góða starfshætti. Gerð fræðsluefnisins er ekki lokið en það verður kynnt á vefsíðu FJS jafnóðum og það liggur fyrir. Efnið er í sífelldri þróun og uppfærslu.

Haldið var áfram með ritun kerfishandbóka fyrir TBR, gjaldflokkaþýsingar og leiðbeiningar fyrir ýmsa vinnuferla. Lagður var grunnur að því að birta handbækur fyrir alla kerfishluta og lýsing á öllum hlutum/myndum kerfisins var tengd við flýtiáðgerðina Hjálp. Haldin voru tvö námskeið fyrir innheimtufulltrúa og gjaldkera innheimtuembætta og eitt námskeið fyrir fjármálastjóra framhaldsskólanna.

Rafrænir reikningar

Viðskipti með rafrænum reikningum aukast stöðugt og er markvisst unnið að því að öll ráðuneyti og stofnanir í greiðsluþjónustu FJS fari inn í ferli rafrænna reikninga. Ferill rafræns reiknings hefst á því að birgir sendir inn reikning á rafrænu formi til greiðslukerfis FJS. Reikningurinn er síðan bókaður og afgreiddur rafrænt til viðkomandi ráðuneytis eða stofnunar. Þar er hann yfirfarinn og samþykktur rafrænt áður en hann er sendur til baka til FJS sem annast þá greiðslu reikningsins í kjölfarið. Bókaldssviðið hefur unnið að því að koma upp auknu eftirliti með afgreiðsluferli rafrænna reikninga. Fylgjast þarf með hvort rafrænn reikningur uppfylli allar kröfur til að hann teljist löglegur og hvort viðeigandi gögn fylgi með reikningi. Hafa verður eftirlit með stöðu reikninga í samþykktarferli, afgreiða athugasemdir og hafnanir á rafrænum reikningum frá ráðuneytum og stofnunum.

Rafrænir reikningar fara í gegnum svokallaða bókunarvél. Bókunarvélin heldur utan um viðfangsefni og deildir ráðuneyta og stofnana og tengir vörunúmer, samningsnúmer ofl. hjá birgjum við tegundalykil ríkisins. Bókunarvélina leitar að upplýsingum í rafrænum reikningi til að setja inn í bókunarstreng reikningsins. Þegar birgir sendir rafrænan reikning er leitað uppi vörunúmer, samningsnúmer eða önnur einkenni vörukaupa og tengt við viðeigandi tegundir samkvæmt tegundalykli ríkisins. Bókunarvélina skoðar ákveðnar forsendur fyrir viðkomandi stofnun varðandi bókanir á viðfangsefni, deildir og víddir til að setja í bókunarstreng reikningsins. Finni bókunarvélina engar upplýsingar sem nýtast í bókunarstrenginn þá sér bókaldssviðið um að ljúka

bókuninni og sendir síðan reikninginn áfram til rafrænnar samþykktar hjá viðkomandi. Bókunarvélina þarf stöðugt eftirlit, viðhald og viðbótar upplýsingar til að samræma og flýta fyrir allri bókun. Efnahags- og fjármálaráðuneytið hefur markað þá stefnu opinberlega að frá 1. janúar 2015 eigi allir reikningar sem berast ríkinu að vera á rafrænu formi.

Ný vefsíða

Nýr vefur Fjársýslu ríkisins var tekinn í notkun í lok nóvember en vinna við gerð hans hófst í janúarmánuði. Hönnun og breytt framsetning gagna var unnin í samstarfi við Hugsmiðjuna ehf. Haft var að leiðarljósi að bæta þjónustuna og gera vefinn aðgengilegri fyrir viðskiptavinum FJS. Vefurinn uppfyllir reglur um opinbera vefi og lagar sig að ólíkum skjástærðum notenda. Allt efni hefur meira og minna verið endurbætt og að auki var töluverðu af nýju efni bætt við það sem fyrir var. Lögð var töluverð vinna í að endurbæta leiðbeiningar, verkferla og reglur, sem tengjast bókaldri ráðuneyta og stofnana, og gera þær aðgengilegar á vefsíðunni. Þeirri þróunarvinnu verður haldið áfram og efnið uppfært jafnóðum og það liggur fyrir. Meðal nýjunga er að unnt er að sækja um námskeið á vegum FJS í gegnum vefinn og skráist það samhliða inn í fræðslukerfi Orra. Loks er vert að nefna að nýja vefsíðan hefur fengið góðar viðtökur og hlaut viðurkenningu Samtaka vefiðnaðarins (SVEF) sem aðgengilegasti vefurinn á árinu 2013.

Starfsmenn


Fjölgað var í starfslíði Fjársýslunnar um tvo á árinu 2013 og voru þeir samtals 71 í árslok, þar af 28 karlmenn og 43 konur. Einn starfsmaður var fastráðinn, tveir ráðnir tímabundið og einn lét af störfum fyrir aldurs sakir. Fjórir starfsmenn voru í námsleyfi hluta af árinu og einn var í fæðingarorlofi seinni hluta ársins.

Húsnæðið að Vegmúla 3

Rekstrarsvið annast umsýslu húsnæðisins og fylgir eftir að reglubundnu, nauðsynlegu viðhaldi sé sinnt. Á árinu 2013 voru allir gólfúkar í húsinu yfirfarnir og bónaðir. Frá því að FJS flutti í Vegmúla í byrjun árs 2011 hefur verið lögð töluverð vinna í að yfirfara fjölmarga þætti, sem lúta að aðstöðu starfsfólks og öryggi, t.a.m. starfsaðstöðu, raflýsingu, öryggisnámskeið, eldvörnum, flóttaleiðum og snjóbræðslukerfi.

Efnahags- og fjármálaráðuneytið hefur markað þá stefnu opinberlega að frá 1. janúar 2015 eigi allir reikningar sem berast ríkinu að vera á rafrænu formi

Nýr vefur Fjársýslu ríkisins var tekinn í notkun í lok nóvember. Vefsíðan hefur fengið góðar viðtökur og hlaut viðurkenningu Samtaka vefiðnaðarins (SVEF) sem aðgengilegasti vefurinn á árinu 2013



Rekstrarsvið annast fjármál stofnunarinnar ásamt gerð rekstraráætlana í náinni samvinnu við fjársýslustjóra



Lónrangar

Góð afkoma í rekstri hjá stofnuninni á árinu 2013 skýrist einkum af áframhaldandi hagræðingu í rekstri og frestun verkefna.

Fjármál

Rekstrarsvið annast fjármál stofnunarinnar ásamt gerð rekstraráætlana í samvinnu við fjársýslustjóra. Í tengslum við gerð árlegra rekstraráætlana er farið yfir málefni einstakra sviða með viðkomandi forstöðumönnum. Er það gert til að fá dýpri sýn á fjármálin og tryggja samræmda forgangsröðun verkefna. Jafnframt er unnið sameiginlega að gerð langtímaáætlunar og ársskýrslu fyrir stofnunina. Langtímaáætlunin endurspeglar stefnumörkun og megináherslur starfseminnar til lengri tíma. Rekstraráætlunin hverju sinni tekur jafnan mið af samþykktri langtímaáætlun innan þess ramma sem fjárveitingar leyfa. Í ársskýrslu er loks gerður samanburður á útgjöldum og fjárheimildum auk tölulegs samanburðar á markmiðum ársins og útkomu.

Afkoma Fjársýslunnar var jákvæð um 29,8 millj. kr. á árinu 2013. Heildargjöld ársins að frádregnum sértekjum voru 1.491,2 millj. kr., hækkuðu um 74,7 millj. kr. eða 5,3% frá árinu á undan. Fjárheimildir ársins námu alls 1.521,0 millj. kr.

Rekstrarafkoma FJS 2011-2013

Í millj. kr.	2013	2012	2011
Sértekjur	-5,4	-5,2	-3,2
Rekstrargjöld	669,7	623,7	585,5
Rekstur upplýsingakerfa	806,8	793,4	754,4
Stofnkostnaður upplýsingakerfa	20,1	4,7	21,7
Gjöld umfram sértekjur	1.491,2	1.416,6	1.358,3
Framlag ríkissjóðs	1.521,0	1.469,0	1.425,2
Hagnaður / tap ársins	29,8	52,4	66,9

Jákvæð afkoma ársins skiptist þannig að rekstur stofnunarinnar skilaði 19,2 millj. kr. afgangi, rekstur upplýsingakerfa 9,0 millj. kr. og hugbúnaðargerð 1,6 millj. kr.

Afkoma 2013 eftir viðfangsefnum FJS

Í millj. kr.	Reikningur	Fjárheimild	Frávik
Almennur rekstur	664,3	683,5	19,2
Tekjubókhaldskerfi	351,8	353,0	1,2
Fjárhags- og starfsmannakerfi	455,0	462,8	7,8
Almennur rekstur samtals	1.471,1	1.499,3	28,2
Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	4,1	8,2	4,1
Hugbúnaðargerð fyrir fjárhags- og starfsmannakerfi	16,1	13,5	-2,6
Stofnkostnaður samtals	20,1	21,7	1,6
Gjöld umfram sértekjur	1.491,2	1.521,0	29,8

Góð afkoma í rekstri hjá stofnuninni á árinu 2013 skýrist einkum af áframhaldandi hagræðingu í rekstri og frestun verkefna.

Rekstur upplýsingakerfa skilaði einnig afgangi sem má rekja að mestu til hagstæðra samninga sem náðust við Advania á árinu 2011.

Staða fjárheimilda 2011-2013

Í millj. kr.	2013	2012	2011
Staða í ársbyrjun	207,9	252,7	241,9
Breyting vegna lokafjárlaga	-48,2	-97,2	-56,1
Hagnaður / tap ársins	29,8	52,4	66,9
Staða í árslok	189,4	207,9	252,7

Í árslok 2013 var fjárheimildastaðan jákvæð um 189,4 millj. kr. Að öðru leyti vísast til ársreiknings FJS.

Rekstur upplýsingakerfa skilaði afgangi sem má rekja að mestu til hagstæðra samninga sem náðust við Advania




Frá Grímsey

Í árslok 2013 voru starfsmenn FJS 71, hafði fjölgað um tvo frá árinu á undan.

Karlmenn eru færri en konur, 28 samanborið við 43 konur

Kynjahlutfall starfsmanna




Kynjahlutfall stjórnenda skiptist þannig að það eru 4 konur á móti 3 körlum

Meðalaldur starfsmanna er 52,3 ár en var 50,8 árið áður. Meðalstarfsaldur er rúmlega 13 ár

Starfsmenn og þróun

Í árslok 2013 voru starfsmenn FJS 71, fjölgaði um tvo frá árinu á undan. Karlmenn eru færri en konur, 28 samanborið við 43 konur. Kynjahlutfall stjórnenda skiptist þannig að þar eru 4 konur á móti 3 körlum. Myndirnar hér á eftir sýna fjölda starfsmanna innan sviða, kynjahlutfall og aldursdreifingu.


Fjöldi starfsmanna eftir sviðum



Á myndinni koma ekki upplýsingar um einn starfsmann sem vinnur við innra eftirlit og fjársýslustjóra

Á árinu 2013 var fastráðinn einn starfsmaður og tveir ráðnir tíma-bundið. Einn starfsmaður hætti á árinu vegna aldurs. Einn starfsmaður var í fæðingarorlofi hluta árs. Fjórir starfsmen voru í launuðu námsleyfi skv. grein 12.2.6 í kjarasamningum háskólamanna á árinu. Starfsmannavelta var 1,4% en hún var 7,2% árið áður. Meðalaldur starfsmanna er 52,3 ár en var 50,8 árið áður. Meðalstarfsaldur er rúmlega 13 ár. Háskólamenntaðir eru um 41% starfsmanna og eru viðskiptafræðingar í meirihluta.

Aldursdreifing starfsmanna



Fjársýslan hefur skilgreint langtíma veikindi sem veikindi í einn mánuð eða meira á ári. Ellefu starfsmenn af 72 eða 15,3% voru veikir mánuð eða meira á árinu. Veikindadagar (aðrir en vegna langvarandi veikinda) voru rúmlega 7,3 dagar en voru rúmlega 6 dagar að meðaltali 2012. Veikindafjarvistir að meðtöldum langvarandi veikindum voru 13 dagar á starfsmann að meðaltali árið 2013 en voru 12 dagar á árinu 2012. Stöðugildi í árslok 2013 voru 70,9 samanborið við 68,9 árið áður. Allir útreikningar á veikindum miðast við virka daga.

Listi yfir starfsmenn FJS í árslok 2013 kemur fram aftast í skýrslunni



Arnarstapi

Í ríkisreikningi eru birt ársuppgjör ríkissjóðs, ríkisstofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins

Í B-, C-, D- og E-hluta ríkisreiknings eru sýndar lykiltölur úr ársreikningum 35 stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins



Kennitölur

Hér eru sýndar ýmsar lykiltölur um þá starfsemi sem innt er af hendi innan Fjársýslu ríkisins. Leitast er við að varpa ljósi á starfsemina með upplýsingum um ýmsar magntölur frekar en að draga fram kostnaðinn af henni. Slíkar upplýsingar koma að góðu gagni í tengslum við forgangsriðun verkefna og stefnumótun. Hagnýtt gildi þeirra er ótvírætt og mikilvægt að nýta þær til stjórnunar og eftirlits með því að bera saman útkomu og upphafleg markmið. Í mörgum tilvikum gefa þær einnig góða vísendingu um hvar má gera betur og möguleika á aukinni hagræðingu.

Gerð ríkisreiknings

Í ríkisreikningi eru birt ársuppgjör ríkissjóðs, ríkisstofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins. Á þann hátt er safnað á einn stað upplýsingum um fjármál allra ríkisaðila og gefin glögg mynd af heildarumsvifum ríkisins. Fjöldi reikningsliða hjá A-hluta ríkissjóðs var eftirfarandi:

Fjöldi	2013	2012
Æðsta stjórn ríkisins og ráðuneyti	9	9
Ríkisstofnanir	188	188
Tilfærsluliðir	85	101
Aðrir liðir	156	140
Fjárlagaliðir samtals í A-hluta ríkisreiknings	438	438

Í B-, C-, D- og E-hluta ríkisreiknings árið 2013 eru sýndar lykiltölur úr ársreikningum 35 stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins. Í B-hluta birtast þrjár stofnanir, sex aðilar eru í C-hluta. Í D-hluta eru tveir aðilar og í E-hluta eru tuttugu og fjórir. Þetta er tveimur aðilum færra en birtust í ríkisreikningi ársins 2012. Annars vegar voru Sparisjóður Svarfdæla og Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis sameinaðir á árinu 2013 í Sparisjóð Norðurlands. Hins vegar eru Vaðlaheiðargöng hf. komin í minnihlutaeign ríkissjóðs eftir hlutafjárukingu á árinu 2013 og eru þau nú í meirhlutaeign sveitarfélaga og fyrirtækja á svæðinu.

Greiðsluþjónusta fyrir ríkissjóð, ráðuneyti og ríkisstofnanir

Í aðalatriðum er greiðsluþjónusta FJS tvíþætt, þ.e. annars vegar fyrir ríkissjóð og hins vegar fyrir ráðuneyti og ýmsar ríkisstofnanir.

Innlegg á bankareikninga	2013	2012
Bankainnlegg vegna greiðslu reikninga o.fl.	144.649	152.678
Bankainnlegg vegna launagreiðslna	266.895	288.995
Bankainnlegg vegna orlofsgreiðslna	162.455	160.548
Bankainnlegg í barnabóta- og skattvinnslum	317.529	362.372
Fjöldi bankainnleggja	891.528	964.593

Fjöldi	2013	2012
Tékkar vegna greiðslu reikninga	12	45

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að koma greiðslum beint inn á bankareikninga í stað þess að skrifa út tékka. Um mitt ár 2011 var hætt að greiða út laun, inneignir og barnabætur með ávísunum. Fjöldi innleggja dróst saman um 7,6% á milli ára og útgáfa á tékkum lagðist nánast af. Samanlagt nam fjöldi greiðslna tæpum 892 þúsund á árinu 2013.

Greiðsluþjónusta fyrir ríkissjóð er einkum vegna greiðslu á launum til ríkisstarfsmanna og framlögum til ríkisaðila og annarra sem fá framlög frá ríkissjóði. Þessar greiðslur ná einnig til barna- og vaxtabóta, skila á tekjum til sveitarfélaga, sókna- og kirkjugarðaráðs, skila á inneignum eftir skattálagningu o.fl. Loks nær greiðsluþjónustan einnig til greiðslna af teknum lánum ríkissjóðs og innheimtu af veittum lánum ríkissjóðs.

Greiðsluþjónusta fyrir ráðuneyti og smærri ríkisstofnanir nær einkum til greiðslna á reikningum vegna rekstrarkostnaðar, styrkveitinga og samninga. Í flestum tilvikum annast stærri ríkisstofnanir sjálfar greiðslur á eigin reikningum.

Fjöldi	2013	2012
Ráðuneyti og stofnanir í greiðsluþjónustu FJS	91	90
Skráðir reikningar	111.554	109.107
Rafrænir reikningar	18.342	11.849
Bókaðar færslur	505.200	505.919
Skönnuð skjöl	666.951	627.413
Greiðslur	144.661	152.723

Bókhaldsþjónusta og ráðgjöf við stofnanir ríkisins


Samkvæmt fjárreiðulögum hefur FJS yfirumsjón með öllu bókhaldi og reikningsskilum þeirra aðila sem ríkisreikningur nær til. FJS veitir ráðuneytum og stofnunum ríkisins aðstoð og þjónustu um bókhald og námskeiðahald sem tengist því. Bókhald stofnana sem eru í bókhaldsþjónustu er bókað og skráð hjá FJS, en flestar þeirra eru einnig í greiðsluþjónustu.

Fjöldi	2013	2012
Ráðuneyti og stofnanir í bókhaldsþjónustu FJS	91	90
Ríkisstofnanir sem annast sjálfar eigið bókhald	106	107
Samtals	197	197

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins, Orri, er samhæft heildarlausn í viðskiptahugbúnaði. Kerfið keyrir á Oracle gagnagrunni og samanstendur af u.þ.b. 60 kerfishlutum þar á meðal fjárhagsbókhaldi, launa- og starfsmannakerfi, verkbókhaldi, innkaupakerfi, eignakerfi o. fl. Notendur tengjast hugbúnaðinum með vefskoðara yfir netið. Kerfið hefur verið lagað að íslenskum aðstæðum t.d. með tengingu við þjóðskrá og tekur mið af íslenskum reglum um virðisaukaskatt. **Fjárhagskerfið** heldur utan um bókhald ríkissjóðs og stofnana ríkisins. Kerfið er einnig notað fyrir alla uppgjörsvinnu við gerð ríkisreiknings

Fjöldi innleggja dróst saman um 7,6% á milli ára og útgáfa á tékkum lagðist nánast af



Samkvæmt fjárreiðulögum hefur FJS yfirumsjón með öllu bókhaldi og reikningsskilum þeirra aðila sem ríkisreikningur nær til

FJS veitir ráðuneytum og stofnunum ríkisins aðstoð og þjónustu um bókhald og námskeiðahald sem tengist því

Fjárhagskerfið heldur utan um bókhald ríkissjóðs og stofnana ríkisins. Kerfið er einnig notað fyrir alla uppgjörsvinnu við gerð ríkisreiknings og aðra upplýsingagjöf

Launakerfið greiðir út laun allra starfsmanna hjá A-hluta stofnunum og að auki hjá nokkrum B- og C-hluta stofnunum



Í árslok 2013 notuðu 46 stofnanir ráðningarkerfið og auglýst voru 318 störf í kerfinu

Landsspítalinn er stór aðili í vörustýringu og birgðahaldi og Vega-gerðin í verkþókhaldi

og aðra upplýsingagjöf. Eignaskráningarkerfi er hluti af fjárhagskerfinu og hefur það verið sett upp hjá stofnunum. Kerfið heldur utan um alla varanlega rekstrarfjármuni.

Fjöldi	2013	2012
Ráðuneyti og ríkisstofnanir sem nota Orra	181	182
Ríkisstofnanir utan Orra	16	15
Samtals	197	197
Hlutfall þeirra sem nota Orra	91,9	92,4

Breytingin á árinu 2013 skýrist af því að Alþingi ákvað án samráðs að hætta notkun Orra og tók aftur upp fyrra fjárhagskerfi sitt.

Mannauðskerfið heldur utan um starfsmanna- og launagreiðslukerfi ríkisins. Starfsmannahlutinn hefur að geyma víðtækar upplýsingar þar á meðal um launakjör og aðrar forsendur sem þarf við launaútreikninga í launagreiðsluhlutunum. Í kerfinu eru greidd laun allra starfsmanna hjá A-hluta stofnunum og að auki hjá nokkrum B- og C-hluta stofnunum.

Fjöldi	2013	2012
Launþegar að meðaltali á mánuði	22.633	22.318
Launavinnsur á árinu	14	14
Launaseðlar á árinu	289.641	288.995

Vinnustund er vaktaáætlunar- og viðverukerfi sérhannað af Advania. Kerfið heldur utan um tíma- og fjarvistarskráningar starfsmanna ásamt því að vera öflugt tæki til að skipuleggja vinnutíma þeirra. Kerfið er sérsníðið að þörfum ríkisstofnana og tengist beint við mannauðskerfið. Stofnanir ríkisins sem nú þegar hafa tekið upp Vinnustund eru 100 talsins og er lögð rík áhersla á að sem flestar ríkisstofnanir innleiði kerfið. Ráðningarkerfið hefur verið í notkun í nokkur ár og á árinu 2013 var haldið áfram með innleiðingu þess hjá stofnunum. Í árslok höfðu 46 stofnanir innleitt ráðningarkerfið, en á árinu 2013 voru auglýst 318 störf í kerfinu.

Aðrir kerfishlutar sem settir hafa verið upp í Orra eru: fræðslukerfi, sjálfsafgreiðslukerfi, ráðningarkerfi, ferðauppgjörskerfi, vörustýring, verkþókhald, birgðir, pantanir, vefverslun og samningakerfi. Sjálfsafgreiðslan er aðgengileg fyrir alla starfsmenn ríkisins en notkun á hinum kerfishlutunum er mjög mismunandi eftir stofnunum. Skiptir þar mestu stærð og eðli stofnananna. Landsspítalinn er t.d. stór aðili í vörustýringu og birgðahaldi og Vegagerðin í verkþókhaldi.

Lánakerfi ríkisins

FJS heldur utan um tekin og veitt lán ríkissjóðs og er það gert í lána-kerfinu Libra Loan. Þar er einnig haldið utan um skuldaviðurkenningar. Í árslok 2013 voru veitt lán 605 að tölu og tekin lán 337. Veittum lán-um fjölgaði verulega á árinu 2012 eða um 198 lán. Skýrðist sú fjölgun

af því að heimilað var að greiða upp eftirstöðvar á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri með því að gefa út skuldabréf skv. 5.gr. laga nr. 24/2010.

Tekjubókhaldskerfi ríkisins

FJS hefur umsjón með tveimur kerfum sem notuð eru við innheimtu og skiptingu á tekjum ríkissjóðs, þ.e. Tekjubókhaldskerfi ríkisins og Innheimtuskilakerfi.

Fjöldi	2013	2012
Útgefnir greiðsluseðlar	963.069	939.378
Útgefnir gíróseðlar	436.944	410.376
Greiddir greiðslu- og gíróseðlar	1.141.067	1.064.853
Útsend innheimtubréf	195.563	208.524

Útgefnum greiðsluseðlum fjölgaði um 2,5% á milli ára og gíróseðlum fjölgaði um 6,5% sem liggur í auknum vefskilum hjá RSK. Í heild voru útgefnir seðlar 1,4 milljónir á árinu 2013, fjölgaði um 3,7% frá árinu á undan.

Uppgjör og skil á staðgreiðslu

FJS sér um að skipta og skila daglega innheimtri staðgreiðslu á milli ríkissjóðs og einstakra sveitarfélaga. Jafnframt annast FJS skil til sókna og trúfélaga á hlutdeild þeirra í tekjuskatti.

Fjöldi	2013	2012
Sveitarfélög	76	76
Sóknir	334	328
Kirkjugarðar (Kirkjugarðaráð Íslands og Kirkjugarðasjóður)	2	2

Námskeið

Nokkur námskeið voru haldin fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir á árinu 2013 á vegum FJS og í samvinnu við aðra, svo sem fjármála- og efnahagsráðuneytið og Advania. Þessi námskeið voru í Orra, Vinnustund, TBR og gerð rekstraráætlana. Haldin voru ýmis sértæk námskeið fyrir stofnanir, þar á meðal kynningar og leiðbeiningar í tengslum við eignakerfið. Í lok ársins var svo farið af stað með ný námskeið um bókhald ríkisins.

Í árslok 2013 voru veitt lán 605 að tölu og tekin lán 337

FJS hefur umsjón með tveimur kerfum sem notuð eru við innheimtu og skiptingu á tekjum ríkissjóðs, þ.e. Tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR) og Innheimtuskilakerfi



Nokkur námskeið voru haldin í Orra, Vinnustund, TBR og gerð rekstraráætlana

09-103 Fjársýsla ríkisins

ÁRSREIKNINGUR 2013

fjs FJÁRSÝSLA
RÍKISINS



09-103 Fjársýsla ríkisins

Ársreikningur 2013

Ársreikningur þessi sem hefur að geyma rekstrarreikning ársins, efnahagsreikning í árslok og sjóðstreymi ásamt sundurliðunum hefur verið saminn eftir bókhaldi stofnunarinnar.

Lykilstærðir ársreikningsins eru:

	2013	2012	Fjárheimild
Rekstrarreikningur			
Tekjur samtals.....	5.410.732	5.232.099	1.500.000
Gjöld samtals.....	1.496.653.899	1.421.802.555	1.522.500.000
Framlag úr ríkissjóði.....	1.521.000.000	1.469.000.000	1.521.000.000
Hagnaður/tap ársins.....	29.756.833	52.429.544	0
Efnahagsreikningur			
Eignir samtals.....	222.605.181	236.188.960	
Skuldir samtals.....	33.202.233	28.298.640	
Höfuðstóll í árslok.....	189.402.948	207.890.320	
Greiðslustaða við ríkissjóð.....	222.355.181	236.103.110	

Forstöðumaður og aðalbókari staðfesta ársreikning stofnunar fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

28.02.2014

Gunnar H. Hall Forstöðumaður  *Ragnhildur Gunnar* Aðalbókari

		Fjársýsla ríkisins 09-103		
		Reikningur 2013	Reikningur 2012	Fjárheimildir 2013
Rekstrarreikningur				
Tekjur				
Sértækjur.....	5.410.732	5.232.099	1.500.000	
Markaðar tekjur.....	0	0	0	
Aðrar rekstrartekjur.....	0	0	0	
Tekjur samtals	5.410.732	5.232.099	1.500.000	
Gjöld				
Almennur rekstur.....	1.476.507.150	1.417.111.381	1.500.800.000	
101 Almennur rekstur.....	669.718.043	623.705.586	685.000.000	
143 Tekjubókhaldskerfi.....	351.794.545	342.712.809	353.000.000	
147 Fjárhags- og starfsmannakerf.....	454.994.562	450.692.986	462.800.000	
Stofnkostnaður.....	20.146.749	4.691.174	21.700.000	
643 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubó.....	4.062.953	593.461	8.200.000	
647 Hugbúnaðargerð fyrir fjárhag.....	16.083.796	4.097.713	13.500.000	
Gjöld samtals	1.496.653.899	1.421.802.555	1.522.500.000	
Tekjur umfram gjöld.....	-1.491.243.167	-1.416.570.456	-1.521.000.000	
Framlag úr ríkissjóði.....	1.521.000.000	1.469.000.000	1.521.000.000	
Hagnaður/tap ársins.....	29.756.833	52.429.544	0	

		Fjársýsla ríkisins 09-103	
		Reikningur 31.12.2013	Reikningur 31.12.2012
Efnahagsreikningur			
Eignir			
Fastafjármunir			
Áhættufjármunir.....	0	0	
Langtímakröfur.....	0	0	
Fastafjármunir samtals.....	0	0	
Veltufjármunir			
Vörubirgðir.....	0	0	
Inneign hjá ríkissjóði.....	222.355.181	236.103.110	
Skammtímalán.....	0	0	
Skammtímakröfur aðrar.....	250.000	85.850	
Handbært fé.....	0	0	
Veltufjármunir samtals.....	222.605.181	236.188.960	
Eignir samtals.....	222.605.181	236.188.960	
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Höfuðstóll			
Staða í ársbyrjun.....	207.890.320	252.685.960	
Breyting v/lokafjárlaga.....	-48.244.205	-97.225.184	
Hagnaður/tap ársins.....	29.756.833	52.429.544	
Höfuðstóll í árslok.....	189.402.948	207.890.320	
Annað eigið fé			
Bundið eigið fé.....	0	0	
Framlag til eignamyndunar.....	0	0	
Annað eigið fé samtals.....	0	0	
Eigið fé í árslok.....	189.402.948	207.890.320	
Langtímaskuldir			
Tekin löng lán.....	0	0	
Langtímaskuldir samtals.....	0	0	
Skammtímaskuldir			
Yfirdráttur á bankareikningum.....	0	0	
Skuld við ríkissjóð.....	0	0	
Skammtímalántökur.....	0	0	
Aðrar skammtímaskuldir.....	33.202.233	28.298.640	
Skammtímaskuldir samtals.....	33.202.233	28.298.640	
Skuldir samtals.....	33.202.233	28.298.640	
Skuldir og eigið fé samtals.....	222.605.181	236.188.960	

Sjóðstreymi

Fjársýsla ríkisins
09-103

	Reikningur 2013	Reikningur 2012
Hagnaður/tap ársins	29.756.833	52.429.544
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda		
Breyting skammtímakrafna og birgða.....	-164.150	-40.850
Breyting skammtímaskulda.....	4.903.593	-3.272.957
Handbært fé frá rekstri	34.496.276	49.115.737
Fjárfestingahreyfingar		
Veitt lán.....	0	0
Afborganir veittra lána.....	0	0
Endurmat veittra lána.....	0	0
Breyting á áhættufjármunum.....	0	0
Fjárfestingahreyfingar samtals	0	0
Fjármögnunarhreyfingar		
Framlag ríkissjóðs.....	-1.521.000.000	-1.469.000.000
Tekjur innheimtar af ríkissjóði.....	0	0
Greitt úr ríkissjóði.....	1.486.503.724	1.419.884.263
Markaðar tekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs.....	0	0
Tekin lán.....	0	0
Afborganir tekinna lána.....	0	0
Endurmat tekinna lána.....	0	0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-34.496.276	-49.115.737
Breyting á handbæru fé	0	0
Handbært fé í ársbyrjun	0	0
Handbært fé, hreyfingar	0	0
Handbært fé í árslok	0	0

Fjársýsla ríkisins
09-103

Staða viðfangsefna 31.12.2013

Sundurliðun	Viðfangsefni fjárlaga og heita				
	Almennur r 101	Tekjubókhaldsk 143	Fjárhags- og s 147	Hugbúnaðargerð 643	Hugbúnaðargerð 647
Tekjur					
Sértekjur	5.410.732	0	0	0	0
Markaðar tekjur	0	0	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur	0	0	0	0	0
Tekjur alls	5.410.732	0	0	0	0
Rekstrargöld	669.718.043	351.794.545	454.994.562	4.062.953	16.083.796
Framlag ríkissjóðs	683.500.000	353.000.000	462.800.000	8.200.000	13.500.000
Niðurstaða ársins	19.192.689	1.205.455	7.805.438	4.137.047	-2.583.796
Höfuðstóll í upphafi árs	-1.479.244	57.977.191	74.357.014	16.908.123	60.127.236
Breyting v/lokafjálaga	0	-21.587.191	-26.657.014	0	0
Höfuðstóll 31.12.2013	17.713.445	37.595.455	55.505.438	21.045.170	57.543.440

Sundurliðun	Samtals öll viðfangsefni	
	2013	2012
Tekjur		
Sértekjur	5.410.732	5.232.099
Markaðar tekjur	0	0
Aðrar rekstrartekju	0	0
Tekjur alls	5.410.732	5.232.099
Rekstrargöld	1.496.653.899	1.421.802.555
Framlag ríkissjóðs	1.521.000.000	1.469.000.000
Niðurstaða ársins:	29.756.833	52.429.544
Höfuðstóll í uppha	207.890.320	252.685.960
Breyting v/lokafjár	-48.244.205	-97.225.184
Höfuðstóll 31.12.2	189.402.948	207.890.320



Arnarstapi

Starfsmenn Fjársýslu ríkisins í árslok 2013

Gunnar H. Hall, fjársýslustjóri

Bókhaldssvið

Alfreð Svavar Erlingsson, forstöðumaður

Anna Guðmundsdóttir
Bryndís Sveinsdóttir
Brynhildur Birgisdóttir
Guðný Guðlaugsdóttir
Guðrún Guðmundsdóttir
Guðrún Ingibjörg Alexíusdóttir
Hanna Dóra Haraldsdóttir
Hildur Hafsteinsdóttir
Hulda Björk Guðjónsdóttir
Ingibjörg Sívertsen Jónsdóttir
Kristín Hildimundardóttir
Lára Guðmundsdóttir
Lilja Guðný Friðvinsdóttir
Rakel Guðný Pálsdóttir
Sara Magnea Tryggvadóttir
Sóley Jakobsdóttir
Sunna Þórsdóttir
Svanhvít Erla Einarsdóttir

Launasvið

Lára G. Hansdóttir, forstöðumaður

Arngrímur V. Angantýsson
Ásgeir M. Kristinsson
Bjarni Kristinn Grímsson
Drífa Ósk Sumarliðadóttir
Hulda Jónsdóttir
Guðbjörg Sigurðardóttir
Guðný Steinunn Guðlaugsdóttir
Guðrún J. Haraldsdóttir
Laufey Óskarsdóttir
Ragnheiður Jónsdóttir

Rekstrarsvið

Ragnheiður Gunnarsdóttir, forstöðumaður

Pétur Ó. Einarsson, starfsmannastjóri
Geir Thorsteinsson
Hansína Rut Rútsdóttir
Haraldur Blöndal
Kristín Magnadóttir
Oddrún Pétursdóttir
Stefanía Ragnarsdóttir
Vilborg Hólmjárn

Ríkisfjárhirsla og Tæknisvið

Stefán Kjærnested, varafjársýslustjóri

Bergþór Skúlason
Björn Kristjánsson
Guðbrandur Jón Jónsson
Guðmundur Vigfússon
Guðrún Á. Janusdóttir
Gunnar Guðnason
Helgi Nielsen
Jóhann Þór Arnarsson
Kristín Orradóttir
Sigríður Ingólfssdóttir
Thelma Hólm Másdóttir
Þorkell Pétursson

Tekjusvið

Ásta Garðarsdóttir, forstöðumaður

Barði E. Barðason
Guðjón Á. Ríkharðsson
Halldór Jóhann Harðarson
Jónas H. Jónsson
Kristján Geir Ólafsson
Pétur Óli Jónsson
Sonja Sigurðardóttir
Steinvör Edda Einarsdóttir
Þorvaldur Steinarsson

Uppgjörssvið

Helga Viðarsdóttir, forstöðumaður

Ása Ólafsdóttir
Elín Viola Magnúsdóttir
Kristján Jón Jónsson
Theodóra P. Sigurðardóttir
Þorvaldur Egilson
Úlfar G. Ásmundsson

Innra eftirlit

Pétur Jónsson



VEGMÚLA 3 • 108 REYKJAVÍK,

SÍMI 545 7500 • FAX 562 6383,

POSTUR@FJS.IS • WWW.FJS.IS